



Nokkur góð ráð fyrir dagforeldra – tekið saman í framhaldi af samtölum við dagforeldra

Þegar komið er með börnin eða þau sótt til dagforeldra

- Til að virða reglur um aðskilnað milli fólks, t.d. er gott að dagforeldrar skipuleggi hvenær hvert barn kemur og er sótt til að koma í veg fyrir að margir mæti á sama tíma
- Æskilegt að aðeins einn aðili komi með barnið og sæki
- Gott er að þrifa snertifleti sem margir snerta þegar börnin eru komin og eftir að þau hafa verið sótt

[Handþvottur](#) með vatni og sápu er mikilvæg vörn gegna Covid19.

- Dagforeldrar þvoi hendur reglulega yfir daginn og noti handspritt eftir þörfum, leiðbeiningar frá landlækni [hér](#)
- Þvo þarf hendur barna:
 - þegar þau koma í daggæslu
 - þegar þau koma inn eftir útiveru
 - fyrir matmálstíma

Þrif á leikföngum

- Mælt er með að fækka leikföngum sem eru í notkun og að þau leikföng sem eru í umferð séu þrifavæn og megi fara t.d. í uppþvottavél eða þvottavél eða hægt að strjúka af með 70% spritti
- Í uppþvottavél er sett í netpoka og þvegið með uppþvottasápu við 70°C. Ekki er nægilegt að þvo með heitu vatni því að það þarf sápu til að leysa upp óhreinindi og örverur.

Þrif áður en börn koma í daggæslu

- Mikilvægt er að börnin komi að hreinu daggæsluhúsnæði að morgni hvers dags. Þrifa þarf með hreinu sápuvatni. Þetta á við um gólf og sameiginlega snertifleti sem margir snerta, sjá einnig [leiðbeiningar um þrif á stöðum fyrir börn](#). Skoða þarf sérstaklega að börn snerta búnað og húsnæði á öðrum stöðum en fullorðnir. Því þarf að huga sérstaklega að þrifum á gluggakistum, stólum, borðum, ofnum og öðrum snertiflötum í hæð barnanna.